

VIÐMIÐ VEGNA SKÓLASÓKNAR Í GRUNNSKÓLUM MÚLAÞINGS

Miða skal við eftirfarandi viðbrögð og styðjast við viðmið um fjölda veikinda- og /eða leyfisdaga við hvert þrep. Mikilvægt er að viðbrögðin séu ávallt skoðuð út frá stöðu hvers nemenda.

1. 7 - 9 DAGAR

Umsjónarkennari upplýsir foreldra um skólasókn nemanda.

2. 10 - 15 DAGAR

Umsjónarkennari boðar til fundar með forsjáraðila. Ástæður fjarvista eru ræddar og mögulegar úrbætur.

3. 16 - 20 DAGAR

Umsjónarkennari boðar til fundar með forsjáraðilum og skólastjórnendum. Vandinn er greindur og úrræði til úrbóta rædd. Gerður er skriflegur samningur til 3 - 4 vikna.

4.

Gangi ekki betur á samningstíma er málinu, með samþykki forsjáraðila, vísað í þjónustu Austurlandslíkansins sem er þverfaglegt teymi fjölskyldusviðs, skóla og heilsugæslu. Í teyminu er leitað úrræða með forsjáraðilum og skóla.

5.

Náist ekki árangur tilkynnir skólastjóri skólasókn nemanda til barnaverndar.

